

Alþýðusamband Austurlands

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 120,1613*  
*kamudagur 19/4 1996*

Eskifirði 17. Apríl 1996

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Alþýðusambands Austurlands um ofangreint frumvarp. Svar sambandsins er eftirfarandi: Á fjölmönnum fundum launafólks á Austurlandi innan ASA 26. mars sl., voru meðfylgjandi ályktanir samþykktar einróma. Á formannafundi 9. apríl var þingmönnum kjördæmisins kynnt sú afdráttarlausu krafa fundarins að frumvarpið yrði dregið til baka.

Frumvarpið er gróf íhlutun í innari mál stéttarfélagi, auk þess ber það með sér mikla vanþekkingu á málefnum vinnumarkaðarins, og augljóst að samþykkt þessi myndi valda langvarandi ófriði á vinnumarkaði.

**Krafa Alþýðusambands Austurlands er því sú að frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur verði dregið til baka.**

Fh. Alþýðusambands Austurlands

  
-----  
Sigurður Ingvarsson

# Ályktun

Sameiginlegur fundur verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Austurlands haldinn á Egilsstöðum 26. mars 1996 fordæmir harðlega þann yfirgang ríkisstjórnarinnar sem birtist í tilraun til að þröngva fram breytingum á vinnulöggjöfinni í fullkominni andstöðu við launafólk í landinu og samtök þess.

Með framlagningu frumvarpsins hafa stjórnvöld rofið einhliða áratuga sátt um þróun samskiptareglna á vinnumarkaði. Um er að ræða alvarlegar árásir á sjálfsögð réttindi launafólks og tilvist stéttarfélaganna.

Frumvarpið byggir augljóslega annars vegar á vanþekkingu á málefnum íslensks vinnumarkaðar og hinsvegar á forskrift atvinnurekendaskattanna.

Fundurinn krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og aðilum vinnumarkaðarins verði gefinn kostur á að semja um samskiptareglur á vinnumarkaði án hótunar yfirvalda um lagasetningu.

Jafnframt mótnælir fundurinn tillögum að breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem fela í sér lakari rétt til handa atvinnulausu fólki en nú er. Fundurinn skorar á stjórnvöld að snúa við blaðinu og beita sér af krafti gegn atvinnuleysinu, ekki þeim sem fyrir það líða.

**Fundurinn krefst þess að ríkisstjórnin láti af stöðugum árásum á launafólk og leggi af öll frumvörp sem eru í meðferð Alþingis og væntanleg þangað og fela í sér skerðingu á rétti stéttarfélaganna og félagsmanna þeirra.**

# Ályktun

Sameiginlegur fundur verkalýðsfélaga innan  
Alþýðusambands Austurlands haldinn á Egilsstöðum  
26. mars 1996 skorar á þingmenn kjördæmisins alla  
sem  
einn að fylgja eftir áskorunum launafólks á  
Austurlandi,  
þess efnis að ríkisstjórnin dragi til baka frumvarp um  
breytingar á vinnulöggjöfinni. Láti af árásum á  
launafólk  
og beiti sér af krafti fyrir útrýmingu atvinnuleysis ,  
í stað þess að þrengja að kjörum þeirra sem fyrir því  
verða.

## Alyktun

Sameiginlegur félagsfundur verkalyðsfélagana á Suðausturlandi haldinn á Víkinni Hornafirði 26. mars 1996 fordæmir þann yfírgang ríkisstjórnar Íslands gagnvart verkalyðshreyfingunni og félagsmönnum hennar sem frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfinni er.

Með framlagningu frumvarpsins hefur ríkisstjórnin einhliða rofið áratuga hefð fyrir samstarfi og viðtækri sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði. Um er að ræða alvarlegar árásir á sjálfsögð réttindi launafólks, tilvist stéttarféлага og aðför að lýðræðinu

Fundurinn krefst þess, að frumvarpið verði nú þegar dregið til baka og að samið verði um samskiptareglur á vinnumarkaðnum.

Þá mótmælir fundurinn tillögum fulltrúa stjórnvalda og atvinnurekenda að breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem fela í sér stórfeldar skerðingar á umsömdum réttindum launafólks.

Fundurinn krefst þess að stjórnvöld beini kröftum sínum að fjölga góðum störfum og auka atvinnumöguleika þeirra sem eru án vinnu í stað þess að ráðast á takmörkuð réttindi atvinnulausra.

Fundurinn krefst þess að ríkisstjórnin láti af stöðugum árásum á launafólk og skorar á þingmenn kjördæmisins, alla sem einn, að fylgja eftir áskorunum launafólks á Austurlandi, þess efnis að ríkisstjórnin dragi til baka frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfinni og beiti sér af alefli fyrir því að útrýma atvinnuleysinu, í stað þess að ráðast á kjör þeirra sem fyrir því verða.